

Norðurþing
Ketilsbraut 9
640 Húsavík



Reykjavík 13. nóvember 2015
UST201510-066/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis í miðbæ Húsavíkur, Búðarvöllur.

Tillaga að deiliskipulagi iðnaðarsvæðis I5 og sorpförgunarsvæðis S2 við Hrismóa á Húsavík.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings er barst 12. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tvær tillögur, annars vegar tillögu að deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis í miðbæ Húsavíkur og hins vegar tillögu að deiliskipulagi sorpförgunarsvæðis og iðnaðarsvæðis.

Tillaga að deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis í miðbæ Húsavíkur, Búðarvöllur.

Ofangreint deiliskipulag verslunar- og þjónustusvæðis í miðbæ Húsavíkur gerir ráð fyrir þéttingu byggðar í miðbæ Húsavíkur, sem þýðir að þegar röskuð svæði eru tekin undir nýbyggingar. Að mati Umhverfisstofnunar er stefnan jákvæð og kemur í veg fyrir að raska þurfi ósnortnum svæðum vegna framkvæmda. Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreint deiliskipulag og gerir ekki athugasemdir en bendir á að við suð-austurhorn væntanlegrar byggingar nr. 4 er þröngt um göngustíg og mætti huga að því að rýmka þar fyrir aðgengi almennings.

Tillaga að deiliskipulagi iðnaðarsvæðis I5 og sorpförgunarsvæðis S2 við Hrismóa á Húsavík.

Ofangreint skipulagssvæði er staðsett u.þ.b. 1 km fyrir sunnan Húsavík og er stærð þess 14,1 ha. Innan iðnaðarsvæðisins er gert ráð fyrir urðunarsvæði alls 1,4 ha.

Sorpförgunarsvæði

Í tillögu að deiliskipulagi er gert ráð fyrir sorpförgunarsvæði, þar sem áætlað er að verði móttöku- og flokkunarstöð og sorpbrennslustöð.

Umhverfisstofnun bendir á að vestan hringveggar er staðsett svæði fyrir frístundabyggð. Í reglugerð um urðun úrgangs nr. 294/2014 kemur fram í 12. gr. er fjallar um staðarval urðunarstaða: „Við staðsetningu urðunarstaða skal taka mið af þeim kröfum sem fram koma í I. viðauka.


Til að vernda heilsu fólks skulu urðunarstaðir ekki vera nær íbúðarhverfum, skólum, matvælaframleiðslu- og sölustöðum, heilbrigðisstofnunum og öðrum dvalarstöðum fólks en sem nemur 500 metrum.“


Umhverfisstofnun bendir á að fjarlægð frá sorpförgunarsvæði að frístundabyggð er ekki gefin upp, en ef svæðið er skoðað í skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar virðist austasti hluti frístundabyggðar vera nær urðunarstað en 500 m. Þar sem fólk stundar útivist þegar dvalið er í frístundabyggð er mikilvægt að fjarlægð milli frístundabyggðar og áætlaðs urðunarstaðar sé skv. reglugerð, og mikilvægt er að ekki verði lyktarmengun frá urðunarstað að frístundasvæði.

Vatnsvernd

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að tekið verði tillit til vatnsverndarsvæða í nágrenni iðnaðarsvæðis/sorpförgunarsvæðis. Einnig tekur stofnunin undir mikilvægi þess að yfirborðsvatni af svæðinu verði veitt framhjá vatnsverndarsvæði og þess gætt að þau spillist ekki. Einni bendir stofnunin á að gæta þarf að sigvatni á sorpförgunarsvæði og koma þarf í veg fyrir að það berist í grunnvatn.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur